

Málstefna Hrunamannahrepps

Íslenska er sjálfgefið tungumál í öllu starfi Hrunamannahrepps nema undantekningar krefjist annars. Með málstefnu sveitarfélagsins er lögð áhersla á mikilvægi íslenskrar tungu í daglegu lífi og starfi sveitarfélagsins, á sama tíma og stuðlað er að fjöltyngi og tungumálakunnáttu meðal íbúa. Hjá Hrunamannahreppi er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Málstefnan styður við varðveislu og þróun íslenskunnar, á sama tíma og hún tryggir að allir íbúar, burtséð frá tungumálabakgrunni, fái stuðning til að taka þátt í samfélaginu.

Markmið málstefnu Hrunamannahrepps eru:

- Að stuðla að virku og fjölbreyttu málumhverfi þar sem íslensk tunga er í öndvegi.
- Að styrkja notkun íslensku í stjórnsýslu, menntun, menningu og samskiptum við íbúa.
- Að efla færni í íslensku hjá öllum hópum samfélagsins, þar með talið börnum, ungmennum, og aðfluttum einstaklingum.
- Að virða fjöltyngi með því að styðja við íslensku sem annað mál og tryggja tungumálanám í sveitarfélaginu.

1. Stjórnsýsla og opinber samskipti

- Íslenska skal vera meginsamskiptamál sveitarfélagsins.
- Allar opinberar ákvarðanir, fundir, útgefið efni og samskipti innan sveitarfélagsins skulu vera á á vandaðri, einfaldri og skýrri íslensku.
- Í þjónustu við íbúa skal gæta þess að þeir sem ekki hafa íslensku sem móðurmál fái nauðsynlega aðstoð og upplýsingagjöf.
- Allar almennar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu auk íslensku einnig vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins á ensku og öðrum tungumálum eftir því sem við á með aðstoð tungumálavéla.

2. Menntun og skólar

- Skólar og leikskólar sveitarfélagsins skulu leggja ríka áherslu á kennslu í íslensku, bæði sem móðurmáli og öðru máli.
- Stuðlað skal að því að börn fái aukinn áhuga og leikni í íslensku með fjölbreyttum kennsluaðferðum og efni sem tengist menningu og sögu Íslands.
- Sérstakur stuðningur skal veittur nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál til að tryggja að þeir öðlist fullnægjandi kunnáttu í íslensku.

3. Menningarstarfsemi

- Íslenskt mál og menning skulu vera í forgrunni í menningarstarfsemi sveitarfélagsins. Allir menningarviðburðir og efni sem Hrunamannahreppur styður skulu vera aðgengilegir á íslensku.
- Með bókmennta- og listaviðburðum verði vakin athygli á íslenskri tungu og menningu.

4. Aðfluttir einstaklingar

- Aðstoð skal veitt aðfluttum einstaklingum með annað móðurmál en íslensku við að læra íslensku og taka þátt í íslensku samfélagi.
- Móðurmál einstaklinga af erlendum uppruna verði virt en samtímis stuðlað að því að þeir nái tökum á íslensku.

5. Tækni og nýsköpun

- Tækni og nýsköpun verði nýtt til að auðvelda íslenskunotkun í stafrænum samskiptum.
- Stuðlað skal að þróun á íslenskum hugbúnaði og tæknilausnum sem styðja íslensku í rafrænum kerfum og upplýsingatækni.

6. Ábyrgð og endurskoðun

- Sveitarstjórn ber ábyrgð á málstefnu Hrunamannahrepps en sbr. lög nr. 61/2011 bera ríki og sveitarfélaög ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu. Stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að framfylgja málstefnu Hrunamannahrepps.
- Sveitarstjórn skal endurskoða stefnuna við upphaf hvers kjörtímabils. Sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar ber ábyrgð á ráðgjöf og eftirliti með góðu málfari á útgefnu efni á vegum sveitarfélagsins.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 27. mars 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri

Tillaga að innleiðingu málstefnu Hrunamannahrepps, verkþáttum, tímasetningum og ábyrgðaraðilum.

- Sveitarstjóri og stjórnendur eru helstu talsmenn stefnunnar og fylgja henni eftir. Þeir fylgjast með að útgefið efni sé á skýru, vönduðu og skiljanlegu máli.
- Stjórnendur stofnana sjá um að kynna málstefnuna á sinni starfstöð og skulu þeir sjá til þess að allir starfsmenn hafi fengið kynningu á henni sex mánuðum eftir gildistöku stefnunnar.
- Upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu vera tiltækar á heimasíðu sveitarfélagsins á vandaðri og einfaldri íslensku, auk kynningar á ensku og eftir atvikum öðrum tungumálum með aðstoð tungumálavéla á heimasíðunni. Ábyrgðaraðili er sveitarstjóri í samvinnu við forstöðumann hvers sviðs. Upplýsingarnar skulu vera komnar á heimasíðu Hrunamannahrepps innan árs frá gildistöku stefnunnar.